

Mál nr. 25/2006

X

og

C vegna A

og

D vegna B

Aftanákeyrsla á Smárahvammsvegi 22. desember 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur C dags. 22. febrúar 2006.
3. Bréf D dags. 22. febrúar 2006.

Málsatvik.

Ökumaður A ók inn á Smárahvammsveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram norður. Hann ætlaði síðan að beygja til vinstri á gatnamótunum við Fífuhammsveg og vildi því færa sig yfir á vinstri akrein. Hann leit í hliðarspegil eftir umferð á vinstri akrein og sá enga bíla, gaf því stefnuljós til vinstri og ók yfir á vinstri akrein. Hann sá að B, sem ók á eftir honum, fylgdi honum eftir af hægri akrein yfir á þá vinstri. Ökumaður B byrjaði að flauta á A. A þurfti síðan að stöðva á ljósum á gatnamótum. B gat ekki stöðvað og ók með hægri framhorni á vinstra afturhorn A. A var ekki alveg stopp þegar B lenti aftan á honum. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A inn á hægri akrein á Smárahvammsvegi en síðan yfir á vinstri akrein því hann hafi ætlað framúr A og bifreiðinni fyrir framan hann. Ökumaður A hafi síðan allt í einu beygt yfir á vinstri akrein. Hann hafi þá flautað og bremsað en ökumaður A einnig bremsað. Hann hafi ekki náð að stöðva og reynt að beygja til vinstri fram hjá A en náði því ekki og lenti með hægri framhorn á vinstra afturhorn A.

Álit.

Að virtum gögnum málsins er ljóst að B var fyrir aftan A. Svo virðist sem báðir ökumenn hafi um svipað leyti ætlað sér að færa sig yfir á vinstri akrein. Ökumaður B gætti þess ekki að hafa nægilegt bil milli sín og A með þeim afleiðingum að hann ók aftan á A þegar A þurfti að stöðva vegna umferðarljósa. Öll sök á B.

Niðurstaða.

Öll sök á B.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.